

10. gr.

Hætti Lind hf. starfsemi skulu eigendur Lindar hf. tilnefna stjórn sjóðsins sameiginlega (þ.e. Samvinnubanki Íslands, Samvinnusjóður Íslands og Banque Indosuez, París).

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um bann við upprekstri sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur, samkvæmt heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Bann þetta gildir frá 1. október n.k. og til ársloka 1987.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. 1. nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. september 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988–1989.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 291/1987.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum.